

## **203. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.**

**10. maí 2011, kl. 15:00 á Hótel Selfossi.**

Mætt: Gunnar Egilsson, Gunnar Þorgeirsson, Ari Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir, og Guðmundur Tryggvi Ólafsson. Guðmundur Ingi Gunnlaugsson boðaði forföll.

### **1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2011.**

Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 kynnt og samþykkt.  
Endurskoðaðri fjárhagsáætlun vísað til staðfestingar á næsta aðalfundi.

### **2. Endurskoðuð gjaldskrá SOS frá 1. júní 2011.**

Tillaga að endurskoðaðri gjaldskrá lögð fram. Hækkun umsýslugjalds nemur 2 kr/kg án vsk. Með minnkun úrgangsmagns af svæðinu hafa tekjur SOS dregist verulega saman og hækkun talin nauðsynleg til að minnka væntanlegt tap.  
Stjórn samþykkir tillöguna enda er hún nauðsynleg eigi rekstur SOS að haldast því sem næst innan fjárheimilda.

### **3. Upplýsingar og samráðsfundur 10. maí.**

Farið yfir dagskrá fundarins.

### **4. Framtíðaráform SOS.**

Farið yfir fyrirbyggjandi upplýsingar.

### **5. Önnur mál.**

Umfjöllun um SOS í fjölmiðlum undanfarið rædd. Stjórn er sammála um nauðsyn upplýsingagjafar til íbúa um málefni SOS en hvetur jafnframt til hófstilltrar umræðu um málefni fyrirtækisins.

Fundi slitið kl 16:00